

Þróun starfsumhverfis öldrunarfélagsráðgjafa

Stofa D

Umsjón umræðustofu: Ásta Kristín Guðmundsdóttir

Stöðug öldrun þjóða og hækkandi hlutfall eldra fólks í samfélaginu hefur óhjákvæmilega í för með sér auknar kröfur til fagaðila í velferðarþjónustu. Félagsráðgjafar geta starfað hvar sem fólk kemur við sögu og hafa alla tíð gert. En þörfin fyrir félagsráðgjafa sem sérhæfa sig í þjónustu við eldra fólk hefur aukist í takt við lýðfræðilegar breytingar vestrænna þjóða. Í þessari umræðustofu verður fjallað um þróun starfsumhverfis öldrunarfélagsráðgjafa, möguleika og hindranir, áskoranir og tækifæri. Tveir félagsráðgjafar segja stuttlega frá breytingum á eigin starfsvettvangi til að opna umræðuna. Umræðustofan er skipulögð af Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu.

13:00-13:15 Úr útskriftarteymi Landspítala háskólasjúkrahúss (LSH) yfir á hjúkrunarheimili. Þorbjörg Árnadóttir, félagsráðgjafi.

13:15-13:30 Af Landakoti, LSH yfir í þjónustuíbúðir hjá sveitarfélagi. Margrét Albertsdóttir, félagsráðgjafi.

13:30-14:00 Umræður

Stiklað á stóru um landsáætlun um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Stofa E

Umsjón umræðustofu: Þór G. Þórarinsson

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að unnið verði að gerð landsáætlunar um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þetta er liður í lögfestingu samningsins sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður megin verkfæri stjórnvalda í heildstæðri stefnumótun í málaflokki fatlaðs fólks og mun ná til allra þeirra málavíða sem falla undir samninginn. Landsáætlun er ætlað að fela í sér skýra framtíðarsýn, val og skilgreiningu meginmarkmiða sem stefnt skuli að og framsetningu aðgerða til að innleiða samninginn. Byggt verður meðal annars á kortlagningu á fjárhagslegri og faglegri stöðu málaflokksins og skoðun kosta í framþróun þjónustunnar, en undanfarin misseri hefur átt sér stað vinna við fyrsta áfanga endurskoðunar á þjónustu við fatlað fólk, þ.m.t. lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Hverjum þjónar glundroði?

Stofa F

Umsjón umræðustofu: Guðrún H. Sederholm

Vinnulag í kringum fjarviðtöl og fjarvinnu virðist ósamræmt þó bæta eigi úr því með setningu reglna í næstu kjarasamningum. Glundroði ríkir meðan umræða hefur ekki átt sér stað um kosti og galla fjarviðtala og aðstæður sem félagsráðgjöfum eru búnar. Siðanefndin vill skerpa á umræðunni, taka málið á dagskrá og gefa þátttakendum kost á að tjá sig um það. Þátttakendum skipt í 3 - 5 manna hópa. Guðrún H. Sederholm, félagsráðgjafi, Dr. Jóna Margrét Ólafsdóttir, félagsráðgjafi og Thelma Eyfjörð Jónsdóttir, félagsráðgjafi.

Samvinna eftir skilnað – reynsla og mat foreldra (og fagfólks) á stafræna vettvanginum og nýtt efni fyrir börn verður kynnt til sögunnar

Stofa G

Umsjón umræðustofu: Gyða Hjartardóttir

Hvernig hefur tekist til með innleiðingu stafræna vettvangs SES á Íslandi og hvað er framundan. Fjallað verður um rannsókn á reynslu og mati foreldra á stafræna vettvangi Samvinnu eftir skilnað á Íslandi, sem og mat fagaðila á SES PRO námskeiðunum fyrir fagfólk. Helstu niðurstöður verða kynntar en rannsóknin er fyrsta sinnar tegundar hér á landi og var styrkt af Rannís. Umsjónarmenn rannsóknarinnar voru Dr. Sigrún Júlíusdóttir og Gyða Hjartardóttir, félagsráðgjafar, en Linda Sóley Birgisdóttir, félagsráðgjafarnemi átti veg og vanda af framkvæmd rannsóknarinnar. Gyða fjallar um stöðu SES og hvað er framundan, ásamt Lindu Sóley sem kynnir rannsóknarniðurstöðurnar.

Transteymi barna – uppbygging sérþekkingar

Stofa H

Umsjón málstofu: Guðlaug M. Júlíusdóttir

- 13:00-13:20 **Teymi verður til** - Erindi með sögulegu yfirliti, tilurð transteymis barna, lagaleg umgjörð, uppbygging sérþekkingar, vinna við gerð verklags, hvernig klínískum leiðbeiningum er fylgt í „praksís“, samráð við aðra opinbera aðila og hvar við erum stödd í dag hvað umgjörð þjónustunnar varðar. Guðlaug M. Júlíusdóttir félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur.
- 13:20-13:40 **Starfsemi transteymis barna á BUGL** - Erindi um dagleg störf teymisins, hugtakaskilningur, ferli í gegnum teymið, tölfræði, verklag og staða á nýjum verkefnum. Ester Guðlaugsdóttir félagsráðgjafi og Unnsteinn Jóhannsson kaospilot, diploma í kynjafræði.
- 13:40-14:00 **Notandi þjónustu** - Erindi um upplifun viðkomandi af opinberri þjónustu sem trans ungmenni.

Tækifærið – til valdeflingar

Stofa I

Umsjón málstofu: María Játvarðardóttir

Tækifærið er ný nálgun í vinnu með ungu fólki af erlendum uppruna sem hefur lengi verið utan vinnu og skóla. Í málstofunni segja þau Björk Vilhelmsdóttir, félagsráðgjafi, Jón Eypór Helgason, rafvirki og fyrrum þátttakendur frá starfinu og þeim breytingum sem hafa átt sér stað í lífi þátttakenda með valdeflandi aðferðum Tækifærisins.

Félagsráðgjöf og teymisvinna vegna þjónustu við eldra fólk

Stofa D

Umsjón málstofu: Birna Sigurðardóttir

Gott að eldast - Heildarendurskoðun stjórnvalda á þjónustu við eldra fólk byggist á samþættingu þjónustu sem grundvallast á teymisvinnu margra fagstétta. Í málstofunni verður farið yfir aðgerðaáætlun um breytingar á þjónustu við eldra fólk 2023-2027 en aðgerðaáætlunin byggir á fimm stöðum þ.e. samþættingu þjónustu, virkni, upplýsing, þróun og heimili. Aðgerðaáætluninni er ætlað að vera leiðarvísir fyrir stjórnvöld til að skapa skýra framtíðarsýn um hvaða leiðir verði farnar til að bæta þjónustu við eldra fólk og vinna heildarstefnu sem felur í sér að eitt þjónustustig taki hnökralaust við af öðru, að ábyrgð á þjónustuþáttum milli aðila sé skýr og að gráum svæðum verði útrýmt. Birna Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og Berglind Magnúsdóttir, sálfræðingur.

Heilbrigðisfélagsráðgjöf - Hvert erum við komin og hvert ætlum við að fara?

Stofa E

Umsjón málstofu: Helga Sól Ólafsdóttir og Gunnlaug Thorlacius

Félagsráðgjöf innan heilbrigðisgeirans er einn af hornsteinum félagsráðgjafar. Hún hefur þróast frá 1960 þegar fyrstu félagsráðgjafarnir hófu störf hjá Heilsuverndarstöðinni. Í dag starfa félagsráðgjafar innan heilbrigðiskerfisins við að sinna einstaklingum og fjölskyldum frá vöggju til grafar. Gífurleg þróun og sérhæfing hefur átt sér stað og er nú tækifæri til að horfa fram á við.

- 14:15-14:30 Hvað er heilbrigðisfélagsráðgjöf? (e. Health care social work) – réttindi -meðferðir- ráðgjöf- þróun. Dr. Helga Sól Ólafsdóttir, félagsráðgjafi.
- 14:30-14:45 Félagsráðgjöf á sjúkrahúsum. Gunnlaug Thorlacius, félagsráðgjafi.
- 14:45-15:00 Félagsráðgjöf á bráðadeild. Jóhanna Erla Guðjónsdóttir, félagsráðgjafi.
- 15:00-15:15 Rannsóknir innan heilbrigðisfélagsráðgjafar.

Handleiðslunám, fagproski og valdefling á vinnustað

Stofa F

Umsjón málstofu: Sigrún Júlíusdóttir og Sigrún Harðardóttir

Sagt er stuttlega frá (1) markmiði og áherslum þriggja missera diplománáms í handleiðslufræðum við Háskóla Íslands 2021-2022, ásamt hugmyndafræði og útfærslu á innleiðingu handleiðslukerfis til valdeflingar fagfólks á vinnustað. Greint er frá (2) frumniðurstöðum rannsóknar um gagnsemi handleiðslu sem framkvæmd var samhliða náminu. Þátttakendur voru inngrípshópur 26 nemenda í handleiðslunámi sem höfðu eigin reynslu af handleiðslu og hlutu þjálfun í að handleiða og samanburðarhópur 96 starfandi fagaðila sem hvorki höfðu sótt handleiðslu né handleiðslunám. Flytjendur setja fram tilgátur og ræða (3) hvaða ályktanir megi draga af gagnsemi handleiðsluþjálfunar til að bæta fagmennsku, líðan og starfsanda á vinnustað. Þátttakendur málstofunnar ræða efnið út frá kynningunni (4) og það hvernig megi tryggja lagalegar stöðir handleiðslu og þróunarstarfs í velferðarþjónustu,

þ.e. á sviði skólakerfis, heilbrigðis- og félagsmála. Alex Björn Bulow Stefánsson, meistaranemi, Díana Ósk Óskarsdóttir, doktorsnemi í félagsráðgjöf, Dr. Sigrún Harðardóttir og Dr. Steinunn Hrafnisdóttir, félagsráðgjafar.

Vinnuumhverfi félagsráðgjafa – niðurstöður tveggja rannsókna

Stofa G

Umsjón málstofu: Freydís Jóna Freysteinsdóttir

14:15-14:35 **Staða félagsráðgjafa hér á landi: Mokstur eða uppbygging?** Kynntar verða niðurstöður rannsóknar sem ætlað var að skoða stöðu félagsráðgjafa hér á landi í tengslum við hina ýmsu þætti í kjölfar Covid-19 faraldursins. Þátttakendur voru félagsráðgjafar skráðir í Félagsráðgjafafélag Íslands og var svarhlutfall 46%. Flestir þátttakendur starfa innan félagsþjónustu (60%) og flestir nota valdeflingu og lausnamiðaða nálgun sem fræðilegan grunn. Fimmtungur félagsráðgjafa sem tóku þátt í rannsókninni hafa upplifað kulnun og verið frá vinnu vegna þess til lengri tíma. Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsráðgjafi.

14:35-14:55 **Vinnuumhverfi bakvakta: Upplifun og reynsla félagsráðgjafa sem fara í útköll vegna heimilisofbeldis, með tilliti til streitu og þreytu.** Fjallað verður um niðurstöður MA-rannsóknar á upplifun og reynslu félagsráðgjafa sem fara á bakvaktir og í útköll vegna heimilisofbeldis. Lögð verður áhersla á óhefðbundið vinnuumhverfi félagsráðgjafa í þeim störfum. Guðrún Andrea Maríudóttir, félagsráðgjafi.

14:55-15:15 Umræður

GEV og BOFS – Hvað gera þessar tvær nýju stofnanir?

Stofa H

Umsjón málstofu: Íris Dögg Lárusdóttir

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) og Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) tóku til starfa 1. janúar 2022 en þær tóku við verkefnum Barnaverndarstofu auk annarra verkefna. Rætt verður um hvaða verkefnum þessar stofnanir sinna, fyrir hverja þær eru, hvaða stuðning þær veita og hvert þær stefna. Íris Dögg Lárusdóttir, félagsráðgjafi og Páll Ólafsson, félagsráðgjafi.

Stuðningur við fjölskyldur þar sem foreldri glímir við geðrænar áskoranir

Stofa I

Umsjón málstofu: Guðbjörg Ottósdóttir og Þórunn Edda Sigurjónsdóttir

Fjallað verður um niðurstöður nýlokinnar eigindlegra MA-rannsókna í félagsráðgjöf þar sem sjónum var beint annars vegar að reynslu barna af þátttöku í verkefninu *Okkar heimur* og hins vegar reynslu foreldra og aðstandenda af þátttöku í verkefninu. Farið verður yfir helstu niðurstöður rannsókna og hvað má læra af niðurstöðunum með tilliti til nálgunar í stuðningi og þjónustu við foreldra og börn. Einnig verður fjallað um áskoranir sem mættu rannsakendum og lærdóm sem draga má af þeim með tilliti till rannsókna á málefnum þessa viðkvæma hóps. Elín Ragnarsdóttir, félagsráðgjafarnemi og Krístrún Sigríður Bóasdóttir, félagsráðgjafarnemi.

Valdefling eldra fólks og aðstandenda

Stofa D

Umsjón málstofu: Guðbjörg María Árnadóttir

Á málstofunni verður fjallað um rannsóknir í öldrunarfræðum.

- 15:30-15:40 „Takk Kópavogsbær fyrir að fylgjast með mér.“ Viðhorf eldri íbúa til þjónustu Kópavogsbæjar. Herdís Björnsdóttir, félagsráðgjafi.
- 15:40-15:50 Áhrif Covid-19 á líðan eldra fólks sem fær félagslega heimaþjónustu í Kópavogi. Katrín Knudsen, félagsráðgjafi.
- 15:50-16:00 Heilsa, vellíðan og þarfir óformlegra umönnunaraðila eldra fólks sem þiggur heimahjúkrun. Sírý Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi.
- 16:00-16:10 Að búa með heilabilun: Reynsla einstaklinga sem sinna maka með heilabilun. Karen Birna Ómarsdóttir, félagaráðgjafi.
- 16:10-16:30 Umræður.

Geðþjónusta Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis

Stofa E

Umsjón málstofu: Íris Dögg Harðardóttir

Á málstofunni verður rætt um þverfaglega annarrar línu geðþjónustu hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Fjallað verður um þá fjölbreyttu geðþjónustu sem Heilsugæslan býður upp á. Áhersla verður lögð á almennu meðferðarteymin, inntökuskilyrði, uppbyggingu ofl. Einnig verður rætt um ávinning meðferðar fyrir einstaklinginn og samfélagið í heild. Hverju skilar meðferð hjá geðheilsuteyminu? Niðurstöður árangurmælinga. Þá verður erindi um fjölskyldumiðaða þjónustu geðheilsuteymisins þar sem m.a. verður farið yfir nýsköpunarverkefni sem miðar að aðstandendum.

- 15:30-15:45 Geðheilsuteymi Heilsugæslunnar. Kynning á geðþjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis (HH). Í fyrirlestrinum verður þjónustan, hlutverk og verklag almennu geðheilsuteymanna kynnt. Íris Dögg Harðardóttir, félagsráðgjafi.
- 15:45-16:00 Geðheilsuteymi HH suður. Farið yfir þjónustuframboð og ávinning meðferðar fyrir þjónustuþega og samfélagið. Niðurstöður árangursmælinga kynntar. Ragnhildur Jónasdóttir og Íris Dögg Harðardóttir, félagsráðgjafar.
- 16:00-16:15 Fjölskyldumiðuð þjónusta hjá Geðheilsuteymi HH suður. Kynning á fjölskyldumiðaðri þjónustu sem felur í sér aðstandendafræðslu, fjölskyldubró og fjölskyldumeðferð. Margrét Ófeigsdóttir, félagsráðgjafi og Ólöf Birna Björnsdóttir, fjölskyldufræðingur.
- 16:15-16:30 Umræður.

Nám í félagsráðgjöf í nútíð og framtíð

Stofa F

Umsjón umræðustofu: Hervör Alma Árnadóttir

Þegar horft er yfir 40 ára sögu félagsráðgjafar við Háskóla Íslands er óhætt að segja að þróun og vöxtur hafi einkennt greinina. Fyrstu árin var félagsráðgjöf kennd sem aukagrein og varð síðan aðalgrein um síðustu aldamót. Árið 2008 var náminu breytt til samræmis við Bologna-viðmiðin og er nú fimm ára nám sem líkur með MA-prófi til starfsréttinda í félagsráðgjöf. Þrátt fyrir mikla aðsókn í námið á síðustu árum hefur mikil skortur verið á félagsráðgjöfum á vettvangi og nú óska stjórnvöld eftir því að HÍ standi sérstakan vörð um heilbrigðisgreinar og þar með félagsráðgjöf. Í umræðustofunni verður rætt um stöðu námsins í dag, áskoranir og hvert eigi að stefna á næstu árum til þess að mæta þörfum samfélagsins og samtímakröfum um hæfni félagsráðgjafa. Hervör Alma Árnadóttir, félagsráðgjafi.

Bergið Headspace og rannsókn á árangri virkniúrræða

Stofa G

Umsjón umræðustofu: Eva Rós Ólafsdóttir

- 15:30-16:00 Fjallað verður um Bergið Headspace sem er lágþröskuldapjónusta fyrir ungt fólk á aldrinum 12-25 ára en um er að ræða vafeflandi aðgengi. Eva Rós Ólafsdóttir, félagsráðgjafi.
- 16:00-16:15 Hvaða máli skiptir þessi virkni - Kynnt verður rannsókn um reynslu og upplifun ungs fólks sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg með það í huga að fá fram hvaða stuðningur og úrræði hafa gagnast þeim til að komast á vinnumarkað eða í skóla. Þuríður Sigurðardóttir, félagsráðgjafi.
- 16:15-16:30 Umræður.

Hver er staðan á farsældinni?

Stofa H

Umsjón málstofu: Páll Ólafsson

Fjallað verður um innleiðingu nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna þar sem fulltrúar ríkis og sveitarfélaga fara yfir stöðuna. Nánari upplýsingar koma síðar.

Valdefling og inngilding flóttafólks á Íslandi

Stofa I

Umsjón málstofu: Edda Ólafsdóttir

Á málstofunni verða kynntar þrjár nýlegar rannsóknir um málefni flóttafólks á Íslandi. Í ljósi mikillar fjölgunar á flóttafólki sem hefur komið til landsins undanfarna mánuði er mikilvægt að draga lærdóm af niðurstöðum rannsókna sem varða málefni flóttafólks. Félagsráðgjafar sem starfa víða í samfélaginu eru nú þegar og munu í framtíðinni koma að málefnum flóttafólks í sínum störfum. Umræðan mun beinast að valdeflingu og inngildingunni.

- 15:30-15:45 „Þannig þekki ég svona margt fólk hérna: Áhrif félagslegra tengsla á reynslu og lífskjör flóttafólks á Íslandi.“ Þar sem greint er frá reynslu flóttafólks af því að setjast að á Íslandi með sérstaka áherslu á félagslegt tengslanet hópsins hélendis. Arnbjörg Jónsdóttir.
- 15:45-16:00 „Það vantar bara svo að gefa manni tækifæri.“ Reynsla og upplifun kvótaflóttafólks, sem komið hefur til Íslands á vegum Reykjavíkurborgar, af atvinnumarkaðnum.“ Alda Björt Gísladóttir, félagsráðgjafi.
- 16:00-16:15 „Arab Muslim Immigrant Women in Iceland outside the capital area: Immigrant experiences and future expectations.“ Fayrouz Nouh.
- 16:15-16:30 Umræður.